

**Mál nr. 23/2009**  
**M og**  
**Vátryggingarfélagið V v. málskostnaðartryggingar**

**Ágreiningur um málskostnaðartryggingu vegna máls þingfest þ. 3.6.2008.**

**Gögn.**

1. Málskot móttekið þ. 19.1.2009 ásamt fylgiskjöllum 1-6
2. Bréf V dags. 4.2.2009.

**Málsatvik.**

Mál var höfðað á hendur M og þingfest þ.3..6.2008 vegna skuldar samkvæmt reikningi fyrir vinnu við að reisa tvílyft innflutt timburhús fyrir M. Í greinargerð M segir m.a. að stefnandi sé að krefja M um greiðslu fyrir ákveðinn fjölda vinnustunda við uppsetningu húss sem M telur langt umfram það sem eðlilegt megi teljast. M krefst þess að fá greiddan málskostnað vegna málsins úr málskostnaðarlið F+ tryggingar sinnar hjá V. V hafnar bótagreiðslu þar sem að málið sé vegna þess að M sé eigandi fasteignar þeirrar sem málið varði og komi þá til undanþága í ákvæði 25.9 í skilmálum vátryggingarinnar og ljóst sé því að vátryggingin bæti ekki þegar ágreiningur sé um fasteign. M hafnar því að ágreiningur í ofangreindu máli varði fasteign heldur sé um túlkun á verksamningi að ræða og umkrafið verð og réttra efnda verksamnings

**Álit.**

Ljóst er að fjölskylduþrygging sú sem M tók hjá V bætir ekki ágreining vegna fasteignar. Ljóst er að ágreiningur sá sem var í máli því sem um ræðir varðar uppsetningu og vinnu við fasteign M. M á því ekki rétt á bótum úr málskostnaðartryggingu sinni hjá V.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr málskostnaðartryggingu sinni hjá V.

Reykjavík 2.3. 2009.

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.